



Skógræktarfélag
Garðabæjar

Starfsskýrsla



Skógræktarfélag
Garðabæjar

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988.

Félagið er félag allrar fjölskyldunnar með rúmlega 300 félagsmenn.

Skógræktarsvæði félagsins eru: Smalaholt og Sandahlíð en þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns svo og Tjarnholt og Hádegisholt sem eru upp af Urriðavatni í suður. Félagið var áður með ræktun í Leirdal við Lönguhlíð sem var tekinn undir þjóðlendur. Einnig er félagið að rækta jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði. Þá hefur félagið yfir að ráða aðstöðu austast í landi Vífilsstaða fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Tvö skógræktarsvæði í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar þ.e. **Smalaholt og Sandahlíð** í nágrenni Vífilsstaðavatns eru vinsælir útivistarskógar með skógarstígum. Stígarnir í Sandahlíð eru um 4,2 km að lengd og stígarnir í Smalaholti eru núna um 5 km á lengd en munu líklega styttest um 1 km þegar hluti af skóginum fer undir golfvöll.

Í skógunum er fjöldi bekkja sem og nestisborð á áningarstöðum. Útigrill eru bæði í Sandahlíð og Smalaholti. Þá eru leiktæki í Sandahlíð við Sandaflöt, sandkassi, rólur og aparóla.



Sandaflöt í Sandahlíð með nestisborðum, útigrilli, rólum og sandkassa



Aparóla í Sandahlíð

Skógarnir í Sandahlíð og Smalaholti eru vinsæl útivistarsvæði í skjóli trjáanna sem Garðbæingar og aðrir gestir geta notið.

Kortið hér fyrir neðan sýnir þéttið stíganet um skógana í Sandahlíð og Smalaholti, samtals tæplega 10 km. Stígarnir eru fjólbláir og gulgrænir á kortinu.



Yfirlitskort af stígum í Smalaholti og Sandahlíð

Aðalfundur 2023

Aðalfundur Skógræktarfélags Garðabæjar var haldinn mánudaginn 20. mars.

Kristrún Sigurðardóttir sem hefur verið formaður síðastliðin 4 ár sóttist ekki eftir endurkjöri og var Sigurður Þórðarson kosinn í stað hennar. Voru Kristrúnu þökkueð frábær störf í þágu félagsins. Helga Thors var kosin ný í stjórnina en stjórnin er óbreytt að öðru leyti.



Kristrún Sigurðardóttir fráfarandi formaður og Sigurður Þórðarson núverandi formaður

Stjórn Skógræktarfélagsins er skipueð eftirfarandi félögum frá aðalfundinum 2023

Aðalstjórn:

- Sigurður Þórðarson, formaður
- Hildigunnur Halldórsdóttir, varaformaður
- Helga Thors, ritari
- Barbara Stanzeit, gjaldkeri
- Einar Örn Jónsson, vefstjóri
- Jón Ásgeir Jónsson, meðstjórnandi
- Heimir Sigurðsson, meðstjórnandi

Varastjórn:

- Ásta Leifsdóttir
- Gísli Ívarsson
- Kristján Sveinbjörnsson
- Narfi Hjartarson

Skoðunarmenn reikninga:

- Ólafur Nilsson aðalskoðunarmaður
- Snorri Magnússon varaskoðunarmaður

Samkomulag um framlengingu samstarfssamnings

Á aðalfundinum var undirritað samkomulag um framlengingu samstarfssamnings Skógræktarfélagsins og Garðabæjar.

Garðabær kt. 570169-6109 og Skógræktarfélag Garðabæjar kt. 490389-1139 gerðu með sér samning, 13. mars 2017 um víðtæka samvinnu um ræktun og umhirðu á þeim svæðum sem skilgreind eru sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi og eru utan Heiðmerkur.

Samkvæmt B, gr, samningsins var gildistími hans til sex ára eða til ársloka 2022.

Jafnframt kom fram að í lok samningstímabilsins skuli samningurinn endurskoðaður en komi ekki til þess skal hann framlengjast um tvö ár.

Samningsaðilar eru sammála um að ekki sé þörf á, að svo stöddu, að endurskoða efnisákvæði samningsins að öðru leyti en að árlegur rekstrarstyrkur skal vera að fjárhæð kr. 3.500.000, sbr. fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2023.

Samningurinn skal gilda í tvo ár eða til ársloka 2024.

Almar Guðmundsson bæjarstjóri undirritaði framlengingu samningsins f.h. Garðabæjar og Barbara Stanzeit gjaldkeri Sk. Gb. undirritaði f.h. Skógræktarfélagsins.



Almar Guðmundsson og Barbara Stanzeit við undirritun samningsins

Á aðalfundinum hélt Kristinn H. Þorsteinsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs erindi í máli og myndum um Yndisskóginn þar sem fram kom hvernig mætti gera skógin meira aðlaðandi til útivistar með fjölbreyttum trjám og öðrum plöntum.



Útsýni yfir Vífilsstaðavatn úr skóginum í Smalaholti

Heimasíðan www.skoggb.is

Heimasíða félagsins var opnuð á aðalfundi félagsins í apríl 2019. Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kynnu að sækja hana heim. Þar eru auglýstir viðburðir á vegum félagsins og birtar fréttir með myndum auk annarra upplýsinga.

Á heimasíðu félagsins má nálgast áhugavert yfirlit yfir sögu félagsins í yfir 30 ár frá stofnun þess:

<https://www.skoggb.is/felagid/agrip-af-sogu/>

Þar er einnig hægt að nálgast kort af skógræktarsvæðum í Smalaholti og Sandahlíð:

<https://www.skoggb.is/wp-content/uploads/2019/01/Mynd.jpg>

Félagsstarf

Haustferð 2022

Haustferð félagsins var farin laugardaginn 24. september 2022.

Að þessu sinni var farið í Borgarfjörð og Hvalfjarðarsveit.

Eftir stutt stopp í aðstöðu Trjáræktarklúbbsins að Mógilsá var haldið að Einkunnum, sem er sérkennilegur og fallegur staður vestast í Hamarslandi við Borgarnes. Skógrækt hófst þar 1951 og nú er þar fallett útivistarsvæði. Árið 2006 var stofnaður fólkvangur í Einkunnum og er umsjón svæðisins í höndum umhverfisnefndar Borgarbyggðar í samvinnu við Skógræktarfélag Borgarfjarðar. Þar tók Laufey Hannesdóttir formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar á móti okkur og fræddi okkur um staðinn. Þarna hefur verið plantað fjölbreyttum trjám umhverfis klettaborgir og er svæðið einstaklega skemmtilegt til útivistar.



Skógræktarfélagar fræðast um Einkunnir



Í Einkunnum er ákaflega fallegur útivistarskógur



Ópið eldstæði í skóginum

Frá Einkunnum var haldið að Arnarholti í Stafholtstungum sem nú er sumarbústaðaland í eigu nokkurra fjölskyldna sem hafa ræktað skóg á landinu. Þar tóku Laufey og maður hennar Gísli Karel Halldórsson á móti okkur. Hádegisnestið var snætt í gamla húsinu í Arnarholti sem hefur verið gert upp og nýtt sem sameign allra fjölskyldnanna sem eiga landið.

Ræktun trjáa í Arnarholti á sér langa sögu en árin 1908 – 1909 voru gróðursett þar lerkitré og reynitré undir fallegum klettum og lifa þau þar enn. Stærsta tréð í lundinum er Evrópulerki sem Skógræktarfélag Íslands útnefndi sem tré ársins 2014. Það er hið vöxtulegasta og um það bil 1 metri í þvermál í brjósthæð.

Þarna var margt að sjá og gaman að kynnast því samstarfi fjölskyldnanna sem þarna fer fram við ræktun skógar og ýmissa matjurta.



Áhugasamir félagar í skóginum í Arnarholti



Laufey faðmar tré ársins 2014

Síðasti viðkomustaðurinn var hjá hjónunum Sólveigu Jónsdóttur og Ólafi Jónssyni sem eiga sumarbústað á bökkum Laxár í Hvalfjarðarsveit. Þar hafa þau ræktað fjölbreyttan skóg á um 7 hektara svæði og mátti sjá þar mörg tré sem eru sjaldséð á Íslandi. Þau hafa plantað fjölmörgum tegundum plantna í skóginn en mesta athygli vakti gríðarlega fjölbreyttar tegundir lyngrósa (*Rhododendron*) sem blómstra snemmsumars og voru því ekki í blóma á þessum tíma en auðvelt var að ímynda sér hve mjög þær skreyta skóginn á blómgunartímanum. Á staðnum er gríðarstórt gróðurhús þar sem hjónin rækta allskyns framandi jurtir og þar mátti m.a. sjá eplatré og plómutré og fengu gestirnir að smakka á ávöxtum þeirra.



Lyngrós með blómknúppa sem bíða næsta vors



Fullþroskuð epli í gróðurhúsinu



Skógræktarfélagarnir í landi Sólveigar Jónsdóttur og Ólafs Jónssonar

Haustferð 2023

Í ár var haustferð félagsins farin á Reykjanes og Ölfus sunnudaginn 17. September 2023

Fyrst var farið að Háabjalla á Reykjanesi sem er í umsjón skógræktar- og landgræðslufélagsins Skógfells í Vogum. Oktavía Jóhanna Ragnarsdóttir formaður félagsins tók þar á móti okkur ásamt Særúnu Jónsdóttur og Ivan Frandsen. Háibjalli er klettabelti sem er sunnan þjóðvegarsins. Trjáræktin er sunnan klettanna og sést því lítið frá veginum. Þarna er vöxtulegur skógur en ræktun trjáa hófst þar árið 1948. Svæðið við Háabjalla er stundum nefnt Þingvellir Reykjanesja vegna hinna gríðarmiklu klettaveggja sem líkjast klettunum í Almannagjá.

Árið 2007 heimsóttu félagar Sk.Gb. Háabjalla og færðu Skógfellsfélaginu tvo garðahlyni sem plantað var þar, þótti forvitnilegt að skoða hlynina nú 16 árum síðar og sjá hvernig þeir hafa vaxið og þroskast.



Aðkoman að Háabjalla



Háibjalli



Skógræktarfélagar í skóginum



Oktavía og Barbara skoða hlyn sem Sk.Gb. gaf 2007

Frá Háabjalla var haldið að Þorbjarnarfelli við Grindavík þar sem Guðmundur Grétar Karlsson frá Skógræktarfélagi Grindavíkur tók á móti hópnum og kynnti ræktun Selskógarins í norðurhlíðum Þorbjarnar eins og fellið er oftast kallað.



Selskógur við hlíðar Þorbjarnar (Mynd fengin af netinu)

Skógræktarfélag Grindavíkur hefur umsjón með ræktun skógarins og svæðið allt er vinsælt útivistarsvæði Grindvíkinga.

Frá Grindavík var haldið austur Suðurstrandarveg að Bugum í Ölfusi þar sem Aðalsteinn Sigurgeirsson tók á móti hópnum. Þar á hann og kona hans Steinunn Geirsdóttir sumarbústað með stóru skógræktarsvæði auk þess sem þau hafa tekið í fóstur sandsvæði sunnan vegarins og ræktað þar mikinn skóg. Þarna kenndi ýmissa grasa og voru margar forvitnilegar trjátegundir þar í ræktun, m.a. Japanslerki, Glæsiþinur, Makedóníufura, Apahrellir og Sveighyrnir. Þarna mátti auk þess sjá eikarlund framtíðarinnar en þar hafði verið plantað fjölmörgum sumareikum sem virtust standa sig vel þótt ennþá væru þær smáar vexti.



Eikarreiturnir í Bugum í Ölfusi



Aðalsteinn ásamt áhugasömum ferðalöngum



Í skóginum í Bugum

Í lokin var komið við í Ægismörk sumarbústaðarlandi hjónanna Vésteins Rúna Eiríkssonar og Hörpu Karlsdóttur nokkru norðar í Ölfusinu. Þar hafa þau komið sér upp yndisskógi umhverfis bústaðinn sem er í næsta nágrenni við Álfaborgir þar sem er gamall trjáreitur Ölfusinga sem var gróðursettur árið 1947. Ekki gafst tími til að skoða þann gróðurreit.



Í Ægismörk, Álfaborgir í baksýn

Á öllum viðkomustöðum afhenti Barbara Stanzeit gjaldkeri Skógrækarfélags Garðabæjar plöntur sem félagsmenn munu vitja reglulega í framtíðinni í þessum fallegu skógarreitum Suðurnesja og Ölfuss.

Vinnukvöld

Félagar í Skógræktarfélaginu tóku þátt í vinnukvöldum sem voru haldin 22. maí og 26. Júní 2023.

Plantað var ýmsum eðalplöntum, sem höfðu verið framræktaðar í aðstöðu félagsins, í reiti bæði í Smalaholti og í Sandahlíð.



Myndarleg planta gróðursett



Tveir félagar að störfum



Gróðursett í Sandahlíð



Við trjásýnistíginn í Smalaholti

Jólaskógur

Til stóð að haldinn yrði jólaskógur í Smalaholti laugardaginn 17. desember en vegna slæms veðurs og mikillar snjókomu féll það niður. Jólaskógur á vegum Skógræktarfélagsins hefur verið haldinn alls 17 sinnum og ætíð verið góð aðsókn að viðburðinum þar sem fjölskyldur njóta útivistar í skóginum við val á hinu eina sanna jólatré sem hún sagar sjálf.



Jólaskógur féll því miður niður 2022

Gróðursetning nemenda í Garðabæ

Yrkjugróðursetningar grunnskólabarna

Skógræktarfélagið hefur haft umsjón með gróðursetningum grunnskólabarna í Garðabæ síðan Yrkjuverkefnið hófst árið 1990. Félagið hefur útvegað svæði til gróðursetninga, lánað verkfæri og ekki síst leiðbeint nemendum við gróðursetningu.

Nú í haust gróðursettu nemendur í 4. bekk Hofsstaðaskóla og 4. bekk í Álfanesskóla í Sandahlíð. Nemendur komu með rútu að Guðmundarlundi og gengu þaðan upp á hæðina ofan Sandahlíðar en þar er fallegur mói sem ekki er þakinn lúpínu og hentar því vel fyrir litlar bakkaplöntur.

Að þessu sinni settu nemendur niður 402 bakkaplöntur af birki með um tveggja metra millibili og voru nemendurnir mjög áhugasamir.

Tveir stjórnarmenn leiðbeindu nemendum úr hvorum skóla á svæðinu varðandi gróðursetningu.

Nemendur úr Sjálandsskóla fengu 268 birkibakkaplöntur hjá Skógræktarfélaginu sem þeir settu niður í svæði við nýja skátaskálann í Heiðmörk. Skógræktarfélagið lánaði plöntustafi til verksins en kom að öðru leyti ekki að því.

Útskriftarnemendur í FG gróðursetja í Smalaholti

Útskriftarnemendur í Fjölbrautarskóla Garðabæjar mættu í Smalaholt þriðja haustið í röð til að gróðursetja trjáplöntur, aðallega birki. Plönturnar sem voru um 50 cm á hæð fengu nemendur hjá Skógræktarfélaginu svo og verkfæri og prik, rauð í endann til að merkja hverja plöntu, sem voru gróðursettar í lúpinusvæði. Hætta er á að plönturnar týnist í lúpínunni ef þær eru ekki merktar.



Grunnskólanemar við gróðursetningu



Merkiprik við plöntur í lúpínubreiðu

Framkvæmdir á tímabili starfsskýrslunnar

Fenginn var verktaki til þess að grisja tré og snyrta meðfram stígum í Smalaholti. Var mikil þörf á þessari grisjun enda ekki verið unnið við það í nokkurn tíma. Grisjunarviðurinn var kurlaður og kurlið var notað í viðhald og endurnýjun stíga í Sandahlíð.

Lúpínusláttur

Verktaki var ráðinn til að slá lúpínuna sem er mjög ágeng planta og leggst yfir stíga og vegi þegar líður á sumarið ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða mjög brýnt verkefni til þess að tryggja aðgengi íbúa að skógunum sem er mjög vinsæll til útivistar.

Slegið var meðfram göngustígum í Smalaholti og Sandahlíð.



Nýslegin lúpína meðfram göngustíg í Smalaholti

Lagfæring á aðgengi í Sandahlíð og Smalaholti

Sjálfboðaliðar á vegum Skógræktarfélags Íslands störfuðu hjá Sk. Gb. í eina viku í júlí við lagfæringu og endurnýjun á tröppum við aðkomu að Sandaflöt og einnig við aðkomu að Furulundi í Smalaholti. Auk þess voru kurlstígar í Sandahlíð lagfærðir. Efni í tröppurnar fékkst úr grisjunarviði frá Smalaholti.



Tröppur við Furulund í Smalaholti



Tröppur við Sandaflöt

Umgengni við áningarstaði

Umgengni við áningarstaði í Smalaholti og Sandahlíð er því miður stundum mjög ábótavant. Rusl er oft á tíðum sett við hlið yfirfullra ruslatunna og mávar komst í ruslið og tæta það út um svæðið. Æskilegt væri að koma fyrir stærri tunnum og tæma þær oft en nú er gert.

Við grillsvæðið í Smalaholti er borð sem var skemmt með því að setja einnota grill á borðið með þeim afleiðingum að brennt var gat á það en efnið í borðinu er um 5 cm þykkt. Starfsmenn Garðabæjar hafa fjarlægt borðið og það verður lagfært.

Vonandi læra Garðbæingar og aðrir gestir skógræktarsvæðisins að umgangast þessar náttúruperlur okkar í bæjarlandinu.



Skemmt borð við grillsvæði í Smalaholti



Slæm umgengni við ruslatunnu í Smalaholti

Ný aðstaða Skógræktarfélagsins í Sandahlíð

Í deiliskipulagsbreytingu fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð sem sett var í kynningu 27.10.2022 er sýnd fyrirhugað nýtt aðstöðusvæði fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar í Sandahlíð. Félagið gerði athugasemd við staðsetninguna sem var sýnd norðvestan við núverandi bílastæði við Sandahlíð. Aðalbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt komu í vettvangsskönnun í Sandahlíð nú í sumar með félögum úr stjórn Skógræktarfélagsins. Þar var ákveðið að færa aðstöðusvæðið á stað norðaustan við bílastæðið. Þessi breyting verður færð í deiliskipulagið.

Nýr golfvöllur í Smalaholti

Endanleg hönnun nýs golfvallar í Smalaholti liggur enn ekki fyrir. Skógræktarfélagið leggur áherslu á að fá að koma með athugasemdir við legu brautanna áður en lokahönnunin liggur endanlega fyrir með tilliti til þess að hnika mætti brautunum til þannig að þær trufla sem minnst útivistarfólk í skóginum. Félagið hefur haft samband við skipulagsstjóra Garðabæjar og hefur hann tekið jákvætt í þessar óskir.

Skógræktarfélagið ítrekar enn og aftur að óvilhallir aðilar verði fengnir til að meta þann skaða sem Skógræktarfélagið verður fyrir vegna lagningar golfvallarins og tjónið verði bætt að fullu.

Starfsáætlun 2022-2023

- Verja og vernda skógræktarsvæði félagsins.
- Grisja og viðhalda skógum á umsjónarsvæðum félagsins.
- Sala jólatrjáa af svæðunum.
- Skógardagur – Líf í lundi.
- Umsjón og aðstoð við Yrkjugróðursetningu grunnskólabarna í Garðabæ.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnreit.
- Viðhald stíga í Smalaholti og Sandahlíð.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga o.fl.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.
- Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal.
- Halda við, endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Fræðsla til félagsmanna og annarra s.s. með haustferð, myndakvöldi og fræðsluerindi.
- Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2023-2024

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2024 til ýmissa verkefna. Haldið verði áfram með gerð gönguslóða og þeim viðhaldið á svæðunum.

Kostnaðaráætlun fyrir starfsárið 2023-2024:

Útivistarstígar – lúpínusláttur, viðhald, grisjun o.fl.	kr. 2.500.000
Rekstur á heimasíðu félagsins	kr. 300.000
Tilfallandi kostnaður vegna starfseminnar	kr. 1.000.000
Samtals	kr. 3.800.000

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu og fjárhagsáætlun.

Garðabæ, 20. nóvember 2023

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Sigurður Þórðarson formaður